



Rekstraruppgjör 2008

Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur



Inngangur	- 4 -
Hvernig uppgjörið er unnið.....	- 6 -
Almennt um rekstrarárið	- 6 -
Breytingar á fjárhagsáætlun	- 7 -
Tekjur í þús kr.	- 8 -
Laun og launatengd gjöld í þús kr.....	- 8 -
Innri leiga húsnæðis í þús kr.	- 8 -
Annar rekstrarkostnaður í þús kr.....	- 8 -
Sölustarfsemi.....	- 10 -
Viðskiptakröfur – afskriftir	- 10 -
Ferðakostnaður.....	- 11 -
Símakostnaður.....	- 11 -
Rekstrarleiga	- 12 -
Rekstraryfirlit.....	- 13 -
Frávikagreining einstakra starfsstaða.....	- 15 -

Inngangur

Þrátt fyrir mikinn halla á rekstri ÍTR árið 2008 þá gekk almennur rekstur nokkuð vel. Meginskýringar á hallarekstrinum eru að fjárhagsáætlun var ekki leiðrétt fyrir kostnaði sem ákveðið var að ÍTR ætti að bera. Má í því sambandi nefna hönnunar- og framkvæmdakostnað við íþróttamannvirki KR, ÍR og Fram. Áætlun vegna þessara þriggja atriða, samtals 330 mkr. liggur á framkvæmdalið Eignasjóðs.

Á árinu var gengið frá nýjum þjónustusamningi um rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og hann samþykktur í borgarráði. Nýr samningur hafði töluverðar breytingar í för með sér varðandi framlög sveitarfélaganna, sér í lagi var nokkur hækkun á rekstrarframlaginu. Áætlun var ekki leiðrétt fyrir þessum kostnaðarauka upp á 27,3 mkr sem þó var samþykktur með samþykkt þjónustusamningsins.

Á árinu var samþykktur nýr samningur við Knattspyrnusamband Íslands sem hafði 7 mkr. aukin útgjöld í för með sér fyrir ÍTR. Þessi kostnaðarauki var ekki leiðréttur.

Verðlagsþróun hafði mikil áhrif á rekstur ársins, sérstaklega á þá liði sem eru með samninga sem bundir eru þróun vísitölu. Má í því sambandi benda á að útkoma rekstrarstyrkja til íþróttafélaga, þar sem töluverður kostnaður er bundinn í húsaleigu og föstum samningum, hækkaði um 56 mkr vegna verðlagsbreytinga umfram verðlagsforsendu.

Í lok árs var skrifað undir kjarasamninga við stéttarfélag starfsmanna Reykjavíkurborgar. Kostnaðarmat kjarasamninga hjá ÍTR nam rúmum 46 mkr en áætlun var ekki leiðrétt fyrir þeim kostnaðarauka, sem skiljanlegt er þar sem matið lá ekki fyrir fyrr en eftir áramót.

Heildarfrávik í rekstri ÍTR eru alls 441 mkr. Kostnaður sem er gjaldfærður án þess að fjárhagsáætlun væri leiðrétt nemur um 215 mkr. Tekin var ákvörðun um að gjaldfæra áður eignfærðan kostnað við Smartkortakerfið alls 41 mkr. Kostnaður við byggingu skíðaskála ÍR og Víkings í Bláfjöllum fór 88 mkr fram úr áætlun vegna verðlags- og magnbreytinga. Kjarasamningsáhrif eru metin á 46 mkr og verðlagsáhrif á húsaleigu- og æfinagstyrki til íþróttafélag nam 56 mkr. Alls er kostnaðarauki vegna þessara liða 446 mkr.

Ómar Einarsson
sviðstjóri

Bragi Þór Bjarnason
fjármálastjóri

Hvernig uppgjörin er unnið

Í uppgjörinu er samanburður á milli endurskoðaðrar áætlunar og rekstrarniðurstöðu. Í einstaka tilvikum hafa verkefni verið flutt á milli kostnaðarstaða án þess að fjárveitingar væru fluttar með. Í lok árs skrifaði Reykjavíkurborg undir kjarasamning við nokkur stéttarfélag þar sem hækkun var á launatöflu um 20.300,-. Áætlun hefur ekki verið leiðrétt með tilliti til þessara kjarasamninga en heildarmat á kostnaðarauka ÍTR hljóðar upp á 46.017.277þ

Í frávikagreiningu er alltaf samanburður milli rekstrarniðurstöðu og fjárhagsáætlunar.

Aftast í skýrslunni er gerð grein fyrir frávikum allra kostnaðarstaða sem eru með meira en 1% frávik frá áætlun.

Í skýrslunni er fjallað um:

- Breytingar á fjárhagsáætlun
- Samanburður áætlunar og rekstrarniðustöðu
- Tekjur
- Laun og launatengd gjöld
- Innri leigu
- Annan rekstrarkostnað
- Sölustarfsemi
- Viðskiptakröfur – afskriftir
- Ferðakostnað
- Símakostnað
- Rekstrarleigu tækja
- Rekstraryfirlit
- Frávikagreiningu einstakra starfsstaða

Almennt um rekstrarárið

Rekstur ÍTR í heildina árið 2008 fór töluvert fram úr áætlun en margir starfsstaðir skiluð góðum árangri í því erfiða árferði sem var ríkjandi. Nánar verður fjallað um ástæður frávika á einstaka starfsstöðum seinna í skýrslunni.

Eins og áður var bent á þá var áætlun ekki leiðrétt vegna hækkana vegna kjarasamninga sem gerðir voru í lok nóvember og kjarasamningsmatið liggur eingöngu fyrir um heildina en ekki einstaka kostnaðarstaði.

Útkoma styrkjaliða er verulega umfram áætlun vegna ákvarðana um að færa til gjalda á byggingastyrkjalið ÍTR kostnað vegna framkvæmda við íþróttamannvirki ÍR, KR og Fram sem hafði verið gert ráð fyrir á framkvæmdalið Eignasjóðs, samtals er áætlun vegna þessara þátta 330 mkr.

Dæmi um frávik vegna framkvæmda við íþróttamannvirki í þkr.

	Gjaldfært hjá ÍTR	Í áætlun ÍTR	Í áætlun Eignasjóðs	Útkoma Eignasjóðs
Fram	138.781	0	150.000	0
ÍR	11.574	0	150.000	0
KR	30.000	0	30.000	0
	180.355	0	330.000	0

Dæmi um samþykktir borgarráðs sem ekki voru bættar í áætlun í þkr.

Kjarasamningsáhrif	46.017
KSÍ samkomulag	7.000
Framlag til Skíðasvæðanna	27.287
	80.304

Breytingar á fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun ÍTR tók nokkrum breytingum á árinu 2008. Borgarráð samþykkti eftirfarandi breytingar: þús kr.

Bæting vegna verðlagsáhrifa (hækkun verðlagsforsendu úr 2,5% í 4%)	67.036
Sumarfrístund	75.500
Samningar vegna Knattspyrnufélagið Val vegna framkvæmda á Hlíðarenda	156.000
Atvinnumál skólafólks	25.964
Aðgerðir í starfsmannamálum	15.000

Breytingar á fjárhagsáætlun og rekstrarniðurstaða í þús. kr.

Áætlun	Esk áætlun	Niðurstaða
6.000.852	6.340.352	6.780.997

Rekstrarniðurstaða ÍTR er 6.780.997 þkr. og því er halli 440.645 þkr. Það eru nokkrir þættir sem hafa haft áhrif á rekstrarniðurstöðu ÍTR á árinu 2008, og eru þetta þeir helstu:

- Aukinn barnafjöldi í frístundaheimilum
- Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði borgarsjóðs
- Framlag til Skíðasvæðanna samkvæmt þjónustusamningi sem samþykktur var í byrjun júlí en áætlun var ekki hækkuð
- Kostnaður við framkvæmdir við íþróttamannvirki ÍR, KR og Fram en fjárveiting liggur hjá Eignasjóði 330 mkr
- Almennar vísitöluhækkunarir

Tekjur í þús kr.

Áætlun	Esk áætlun	Niðurstaða
1.093.705	1.112.144	1.167.720

Niðurstaða tekna er 55.576 þkr. hærri en gert var ráð fyrir í áætlun. Tekjur vegna verkefna sem ekki er sértök fjárveiting fyrir í áætlun ÍTR eru birtar í tekjustöðu. Dæmi um slík verkefni eru verkefni í Hinu Húsinu, Evrópuverkefni Leonardo, Heilsuborgarverkefni, sameiginlegur kostnaður og Húsaleigu- og æfingastyrkir.

Laun og launatengd gjöld í þús kr.

Áætlun	Esk áætlun	Niðurstaða
2.453.738	2.567.692	2.654.315

Niðurstaða launakostnaðar er 86.623 þkr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Skýringar á hærri útkomu eru meðal annars vegna kjarasamnings sem gerður var í lok nóvember.

Innri leiga húsnæðis í þús kr.

Áætlun	Esk áætlun	Niðurstaða
1.203.210	1.220.684	1.227.790

Niðurstaða kostnaðar vegna innri leigu fasteigna frá Framkvæmdasviði er 7.106 þkr. hærri en áætlað var. Þessi munur skýrist af kaupum á húsnæði undir frístundamiðstöðina Kringlumýri sem hækkar innri leigu um 10.853 þkr. án þess að fjárhagsáætlun hafi verið leiðrétt. Kostnaður við Félagsheimili Leiknis er hærri en áætlað var 1.485 þkr. en húsið er ekki enn fullklárað. Leiga vegna sparkvalla er 311 þkr hærri en áætlun. Leiga vegna frístundaklúbba var 888 þkr hærri en áætlun. Leiga á leiktækjum í fjölskyldu- og húsdýragarði var ranglega áætluð á innri leigu alls 4.000 þkr. sem og innri leiga áhalda og tækja ÍTR 5.135 þkr. Húsaleiga borgarmannvirkja er 2.707 þkr hærri en áætlun sem skýrist af leigu á húsnæði í Skerjafirði og Baldurshaga sem ekki var gert ráð fyrir í upphaflegri áætlun.

Annar rekstrarkostnaður í þús kr.

Áætlun	Esk áætlun	Niðurstaða
3.437.609	23.664.120	4.066.611

Niðurstaða annars kostnaðar er 402.492 þkr.hærri en áætlað var. Undir liðinn annar kostnaður hefur verið færður til gjalda hjá ÍTR:

- Innri leiga áhalda og tækja í Fjölskyldu- og húsdýrarði
- Innri leiga tæka í Fjölskyldu- og húsdýragarði
- Stofnframkvæmdir við íþróttamannvirki KR, ÍR og Fram
- Framlag til Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

Sölustarfsemi

Á mörgum starfsstöðum ÍTR eru starfræktar sölubúðir í einhverju formi. Í félagsmiðstöðvum er um litlar rekstrareiningar að ræða sem velta litlum fjárhæðum en í sundlaugum, Ylströnd og Fjölskyldu- og húsdýragarði er um verulega veltu að ræða sem skiptir miklu máli við fjármögnun starfseminnar.

Heildarvelta þessarar starfsemi á árinu 2008 var samtals 100.480 þkr. án virðisaukaskatts og er það aukning um 0,9% frá fyrra ári.

Ljóst er að þessi þáttur rekstrarins skiptir viðkomandi starfsstaði og ÍTR verulegu máli við fjármögnun starfseminnar. Mikilvægt er að vera með skýr markmið með rekstrinum.

<i>Þús.kr.</i>	Árb.laug	Breiðh.laug	Grafav.laug	Laugard.l.	Sundhöll	Vestb.laug	Ylströnd	Fjlsk.garður
Sala	17.909	4.622	16.381	24.550	804	2.600	4.566	29.048
Birgðir 1/1	663	612	541	497	100	149	0	459
Innkaup	10.829	2.398	8.113	16.000	456	1.584	2.934	16.116
Birgðir 31/12	-929	-154	-691	-579	-28	-194	0	-248
KSV	10.563	2.856	7.963	15.918	528	1.539	2.934	16.327
Álagning	7.346	1.766	8.418	8.632	276	1.061	1.632	12.721
Álagning % '08	69,5%	61,8%	105,7%	54,2%	52,3%	68,9%	55,6%	77,9%
Álagning % '07	78,5%	96,5%	48,7%	59,8%	63,4%	61,8%	100,3%	90,0%
Álagning % '06	83,4%	59,4%	55,0%	54,5%	15,1%	50,9%	65,4%	73,8%
Álagning % '05	58,6%	40,8%	52,9%	37,6%	19,1%	20,8%	69,2%	83,8%
Álagning % '04	46,1%	45,8%	40,7%	27,8%	44,9%	31,6%	79,2%	69,9%
Álagning % '03	52,5%	19,8%	47,9%	33,7%	55,6%	55,6%	59,1%	81,0%

Viðskiptakröfur – afskriftir

Í árslok voru ógreiddar viðskiptakröfur að fjárhæð 158.182.239. Hafa verður í huga að tekjur vegna frístundaheimilanna, um 30,8 mkr, eru innheimtar eftir á og eru því allar kröfur vegna desembermánaðar ógreiddar um áramót. Kröfurnar skiptast þannig að 49.932.177 eru vegna einstaklinga og 108.250.062 eru vegna fyrirtækja og stofnana.

Aldursgreining krafanna er:

Ár	Fjárhæð
2008	91.309.531
2007	23.528.263
2006	27.757.129
2005 og eldri	15.587.316
Samtals	158.182.239

Elstu kröfurnar hafa verið í lögfræðiinnheimtu og telja verður litlar líkur á skilum þeirra. Flestar viðskiptakröfur í vanskilum eru vegna frístundaheimila.

Í árslok 2008 voru kröfur að samtals fjárhæð 2.105.530 afskrifaðar. Um var að ræða kröfur sem voru endursendar frá lögfræðingi eftir árangurslaust fjárnám eða

viðkomandi kröfur töldust ekki innheimtanlegar af öðrum ástæðum. Að auki var gerð óbein niðurfærsla vegna krafna frístundaheimila að fjárhæð 800.000 og vegna annarra krafna að fjárhæð 550.000 til að koma til móts við afskriftir í framtíðinni.

Ferðakostnaður

Samtals voru farnar í tengslum við starfsemi ÍTR 32 ferðir á árinu 2008. Bókfærður nettókostnaður eftir að tekið hefur verið tillit til styrkja er 9.651.733.

Símakostnaður

Samtals eru 244 GSM símanúmer á skrá hjá ÍTR og þar af eru búið að gera samninga við notendur 197 númera. Mismunurinn stafar að miklu leyti að því að í nokkrum síms töðvum er GSM kort til að nýta alltaf mögulega lágsta verð við símtal úr borðsímum og einnig er nokkuð um GSM posa.

Heildarkostnaður vegna GSM notkunar á árinu var 8.375.317. Kostnaður vegna 31 númera var hærri en samningsviðmið kveða á um og er umframkostnaður samtals 1.039.209 skoða þarf ástæður umframkeyrslu sem verður að öllu líkindum settur í innheimtu.

ÍTR hefur þegar látið loka eftirtöldum þjónustum í sparnaðarskyni:

Rekstrarleiga

Á vegum ÍTR eru í árslok 13 bifreiðar/tæki í rekstrarleigu og ein á fjármögnunarleigu. Skuldbindingar vegna rekstrarleigutækja er 22.646.265 út samningstíma þeirra og skuldbinding vegna fjármögnunarleigu er (34% af leigugjaldi á móti 66% skíðasvæðanna) 733.796.

Heildarskuldbinding vegna leigu bifreiða og tækja er:

		Fastanúmer	Skráningar- dagur	Samnings- tími til	Fjöldi mán.eftir af samningi	Gr. Á mánu	Heildarskuldbinding
Þjónustudeild							
Ingvar Helgason	Nissan Navara	ZS 878	11 05	3.1.2009	1	113.345	113.345
MHG verslun	Custmann Turf	IB0560	6 05	14.6.2012	41	65.613	2.690.133
Gufunesbær							
B og L	HYUNDAI H-1	US 745	4 06	15.4.2009	7	101.121	707.847
Skrifstofa B-1							
P. Samúelsson	Toyota Yaris	YM Z96	10 07	15.10.2010	22	65.690	1.445.180
Starfsemi fyrir fatlaða							
Bifr. Og Landbv.	Renault Trafic	ZT-729	4 05	5.5.2008	0	71.142	0
Bifr. Og Landbv.	Renault Trafic	AA-J16	5 08	5.5.2011	29	122.494	3.552.326
Hekla	Skoda Fabia	KL H39	12 07	15.12.2010	24	66.884	1.605.216
Laugaból							
Hekla	Skoda Octavia	RE-S57	7 07	3.8.2010	19	98.834	1.877.846
Laugardalslaug							
	Taski Swingo				19	38.072	723.368
	Taski Swingo				19	38.072	723.368
Frístundaklúbbar 10-16 ára							
Bifr. Og Landbv.	Renault Trafic	TI E80	11 07	15.11.2010	23	130.628	3.004.444
Bifr. Og Landbv.	Renault Trafic	DL Y37	11 07	15.11.2010	23	134.860	3.101.780
Bifr. Og Landbv.	Renault Trafic	GD L68	11 07	15.11.2010	23	134.844	3.101.412
		Samtals skuldbinding vegna rekstrarleigu				1.181.599	22.646.265
Skuldbindingar vegna fjármögnunarleigu							
Brúðubíll							
Brimborg	Ford Transit	EB 249	1 02	14.3.2010	14	52.414	733.796
Heildarskuldbinding vegna rekstrar- og fjármögnunarleigu						1.234.013	23.380.061

Tölur úr bókhaldi: 24.02.2009 15:32
Allir - Skipulagseining (36)

			REKSTUR janúar-deseember 2008					
	eining1	Tekjur	Laun og launa- tengd gjöld	Annar rekstar- kostnaður	Rekstar- niðurstaða	Esk. áætlun tímabils	Frávik tímabils	Hlutfall af Esk. áætlun tímabils
Íþróttta- og tómstundasvið								
Yfirstjórn ÍTR:								
Yfirstjórn ÍTR	I2000		130.056	7.273	137.329	140.102	2.772	98%
			130.056	7.273	137.329	140.102	2.772	98%
Atvinnumál:								
Atvinnumál	I2050	70	110.113	743	110.786	111.008	222	100%
		70	110.113	743	110.786	111.008	222	100%
Tómstundamál:								
Frístundamiðstöðin Miðberg	I301	5.505	76.368	39.568	110.432	113.284	2.852	97%
Frístundamiðstöðin Kringlumýri	I302	6.684	79.121	51.017	123.453	121.850	(1.603)	101%
Frístundamiðstöðin Kampur	I303	1.235	48.911	6.416	54.091	52.047	(2.045)	104%
Frístundamiðstöðin Ársel	I304	3.221	70.321	39.211	106.311	101.758	(4.552)	104%
Frístundamiðstöðin Frostaskjól	I305	967	47.706	8.793	55.532	55.017	(515)	101%
Frístundamiðstöðin Gufunesbær	I309	11.390	104.740	27.009	120.359	119.538	(821)	101%
Félagsstarf í hverfum	I3510	1.955	1.191	11.662	10.898	10.717	(181)	102%
Starfsemi fyrir fatlaða	I3720		4.478	3.061	7.539	14.219	6.680	53%
Sumargrín og smíðavellir	I3880	1.262	10.126	10.072	18.935	17.912	(1.023)	106%
Sumarnámskeið fyrir börn	I3910		8.971	9.274	18.245	18.183	(62)	100%
Hitt Húsið	I4000	47.166	101.702	77.604	132.139	129.540	(2.599)	102%
Siglingar í Nauthólsvík	I5300	3.203	18.656	8.460	23.913	23.706	(207)	101%
Frístundaheimili ÍTR	I71	263.425	867.528	139.319	743.422	617.701	(125.721)	120%
Gæsluvellir	I7170			14.636	14.636	16.603	1.967	88%
Frístundaklúbbar	I7180	24.310	39.828	13.032	28.549	65.637	37.088	43%
Hverfastarf	I750							
Þróunarverkefni	I7550	1.251	10.959	5.316	15.023	15.005	(19)	100%
		371.577	1.490.606	464.449	1.583.478	1.492.716	(90.762)	106%
Íþróttamál:								
Laugardalslaug	I5000	190.048	190.958	294.160	295.070	279.605	(15.464)	106%
Vesturbæjarlaug	I5010	61.504	64.961	44.010	47.468	43.682	(3.786)	109%
Sundhöll	I5020	43.180	59.977	49.918	66.716	66.953	237	100%
Breiðholtslaug	I5030	51.236	78.570	66.218	93.552	93.894	341	100%
Íþróttahúsið Austurberg	I5031	31.170	13.895	32.486	15.212	22.946	7.734	66%
Árbæjarlaug	I5040	85.912	74.872	134.612	123.572	130.633	7.061	95%
Grafarvogslaug	I5050	77.970	83.922	95.956	101.907	105.500	3.592	97%
Íþróttahús Grafarvogi	I5051	24.869	19.024	68.285	62.441	60.578	(1.863)	103%
Íþróttamiðstöðin Klébergi	I5060	9.088	19.384	21.366	31.662	34.920	3.258	91%
Ylströnd í Nauthólsvík	I5080	4.789	12.294	25.505	33.009	26.615	(6.394)	124%
Laugardalshöll	I5200							
Íþróttahús í Seljahverfi	I5220	25.434	17.715	35.457	27.739	35.673	7.934	78%
Íþróttahús KHÍ	I5230	8.293	10.638	3.517	5.862	5.622	(241)	104%
Laugaból	I5240	38.306	22.892	25.660	10.246	279	(9.966)	3670%
Þjónusta við félög	I540		114	23.466	23.581	25.298	1.717	93%
Þjónustudeild ÍTR	I5400	55	13.061	17.083	30.088	27.251	(2.838)	110%
Gervigrasvöllur við Austurberg	I5411	15.000		35.191	20.191	19.065	(1.126)	106%
Sparkvelli borgarhluta 2	I5422			24.885	24.885	26.533	1.648	94%
Íþróttastarfsemi fyrir aldraða	I5500	(650)	8.258	1.807	10.715	10.051	(664)	107%
Heilsuborgin Reykjavík	I5600	5.800		10.843	5.043	5.001	(42)	101%
Skíðabrekkur borgarhluta 3	I6403		3.528	3.711	7.239	6.042	(1.196)	120%
Framlag til Skíðasvæðis höfuðborgarsvæðis	I6900			104.455	104.455	77.168	(27.287)	135%
		672.003	694.063	1.118.593	1.140.654	1.103.308	(37.346)	103%
Önnur starfsemi:								
Kynningar- og markaðsmál	I2010			15.248	15.248	20.498	5.250	74%
Fræðsla og jafnréttismál	I2020	2.534	20.874	11.410	29.750	37.080	7.330	80%
Rannsóknir og kannanir	I2030	20	1.505	1.405	2.889	5.042	2.153	57%
Menningartengd starfsemi	I7600		1.835	2.880	4.715	4.160	(555)	113%
Hátíðahöld 17. júní	I8000		1.108	23.855	24.963	26.000	1.037	96%
Fólkvangur Kjalarnesi	I8250	260	1.571	3.224	4.535	3.383	(1.152)	134%
Fjölskyldu- og húsdýragarður	I840	111.645	147.026	112.597	147.978	136.659	(11.320)	108%
Sameiginlegur kostnaður ÍTR	I8460	5.347	67	38.293	33.013	47.267	14.254	70%

REYKJAVÍKURBORG (Allar fjárhæðir í þúsundum króna)

Langtímaveikindi og leyfi	I8461	47.522	36	47.559	44.800	(2.759)	106%	
Stöðugildi þjónustumiðstöðvar	I8463		31.890	31.890	31.890		100%	
Leiga tölvubúnaðar - UTM	I8465		42.605	42.605	44.600	1.995	96%	
Uppgjörslíður tekna	I8469	130	130					
Gjaldfærð lausafjárkaup	I8999		52.395	52.395	40.585	(11.810)	129%	
		119.935	221.507	335.970	437.541	441.965	4.424	99%
<i>Styrkir:</i>								
Styrkir til æskulýðs- og íþróttamála	I9010		50.000	50.000	50.000			100%
Húsaleiga af borgarmannvirkjum	I9050		528.411	528.411	525.703	(2.708)		101%
Byggingastyrkir	I9300		839.899	839.899	581.000	(258.899)		145%
Í.B.R. v/íþróttastarfsemi	I9310		40.000	40.000	40.000			100%
Húsaleigu- og æfingastyrkir	I9320	4.135	1.532	1.492.506	1.489.903	1.428.742	(61.161)	104%
Frístundakort	I9340		6.438	346.614	353.052	400.000	46.948	88%
Stofnstyrkir	I9998							
		4.135	7.970	3.297.430	3.301.265	3.025.445	(275.820)	109%
<i>Annað:</i>								
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	I9000		23.868	23.868	19.426	(4.442)		123%
Innri leiga áhalda og tækja	I9997		46.077	46.077	6.383	(39.694)		722%
			69.944	69.944	25.809	(44.135)		271%
Íþrótt- og tómstundasvið samtals		1.167.720	2.654.315	5.294.402	6.780.997	6.340.352	(440.645)	107%

Frávikagreining einstakra starfsstaða

Hafa ber í í huga að áætlun starfsstaða hefur ekki verið leiðrétt fyrir áhrifum kjarasaminga sem metin hafa verið á 46 mkr í heild fyrir ÍTR.

I2000 – Skrifstofa ÍTR

Rekstrarniðurstaða Skrifstofu ÍTR var 1.451 þkr. (1,2%) lægri en áætlun.

Laun voru 3,7 mkr (3,1%) lægri en áætlun sem skýrist af því að á árinu var ekki ráðið í störf starfsmanna sem voru í námsleyfi og í afleysingu á öðrum starfsstöðum.

Annar kostnaður fór 2,2 mkr fram úr áætlun sem skýrist að mestu með auknum starfsmannakostnaði vegna mótuneytis og aðkeyptri ræstingu á skrifstofuhúsnæði sem ekki var gert ráð fyrir.

I2010 Kynningar- og markaðsmál

Rekstrarniðurstaða Kynningar- og markaðsmála var 5.250 þkr. (25,6%) lægri en áætlun.

Tekjur urðu 2.790 þkr. undir áætlun eða 100%. Rekstrargjöld urðu 8.139 þkr. undir áætlun eða 23,6%. Markvisst var dregið úr auglýsingum og gerð auglýsingaefnis vegna fyrirséðs halla á rekstri ÍTR

I2020 Fræðsla starfsmanna

Rekstrarniðurstaða Fræðslu starfsmanna var 7.330 þkr. (19,8%) lægri en áætlun.

Launakostnaður var 1.496 þkr. lægri en áætlun vegna samdráttar í fræðslu á haustmisseri. Annar kostnaður var 3.300 þkr. undir áætlun en gert hafði verið ráð fyrir 5 mkr framlagi vegna öryggiseftirlitsnámskeiða, af þessum 5 mkr. eru 3,5 mkr vegna endurbóta sem hefðu átt að áætlast á kostnaðarstað I8999 lausafjárkaup. Tekjur urðu 2.534 þkr sem ekki hafði verið áætlað fyrir.

I2030 Rannsóknir og kannanir

Rekstrarniðurstaða Rannsókna og kannana var 2.153 þkr. (42,7%) lægri en áætlun.

Tekjur urðu 20 þkr. yfir áætlun áætlun eða 10%. Rekstrargjöld eru 2.133 þkr. undir áætlun eða 42,3%. Það var dregið úr rannsóknnum og könnunum vegna fyrirséðs halla á rekstri ÍTR.

Tómstundamál

Í heild var rekstur skrifstofu tómstundamála 90.762 þkr. (6,1%) hærri en áætlun. Frávikin má að mestu rekja til reksturs frístundaheimila þar sem barnafjöldi var mun meiri en áætlun gerði ráð fyrir.

I3010 Miðberg

Rekstrarniðurstaða Miðbergs var 2.852 þkr. (2,5%) lægri en áætlun.

Tekjur Miðbergs urðu 4.595 þkr. yfir áætlun sem að mestu má rekja til úthlutunar úr 5% reglu frístundakortsins og húsaleigutekna. Launakostnaður var 3.771 þkr. undir áætlun eða 4,7%. Önnur rekstargjöld fóru 5.515 þkr. yfir áætlun eða 41,5% sem rekja má að mestu leiti til kostnaðar útaf 5% reglu frístundakortsins.

I3020 Kringlumýri

Rekstrarniðurstaða Tónabæjar var 1.603 þkr. (1,3%) hærri en áætlun.

Ákveðið var að flytja verkefni á milli Hins Hússins og Kringlumýrar á árinu en ekki voru gerðar leiðréttingar á áætlun. Hálendishópurinn var fluttur frá Hinu Húsinu yfir til Kringumýrar en áætlun vegna hans nam um 2,5 mkr. Á móti fluttust Músíktílaunir frá Kringlumýri yfir til Hins Hússins áætlun þeirra nam um 5,5 mkr. Áhrifin af tilfærslu þessara verkefna er að fjárhagsáætlun Kringlumýrar hefði átt að vera 3 mkr lægri en hún er sýnd.

Tekjur urðu 661 þkr. hærri en áætlað var eða 11%. Launakostnaður var 12.305 þkr. lægri en áætlað var eða 13,5%. Annar rekstrarkostnaður var 3.715 þkr. lægri en áætlað var eða 10,2%.

Á árinu keypti Reykjavíkurborg húsnæði frístundamiðstöðvarinnar af Knattspyrnufélaginu Fram. Af þeim sökum fór Kringlumýri að greiða innri leigu til Eignasjóðs í stað húsaleigu til Knattspyrnufélagsins Fram. Innri leiga var greidd í 8 mánuði og nam hún 10,8 mkr en ef frístundamiðstöðin hefði haldið áfram að greiða húsaleigu til Knattspyrnufélagsins Fram þá hefði húsaleigugreiðslur numið um 4,8 mkr. Hækkun húsaleigugreiðslna vegna þessara aðgerða er því um 6,1 mkr sem ekki voru bættar í fjárhagsáætlun.

.

I3030 Kampur

Rekstrarniðurstaða Kamps var 2.044 þkr. (3,9%) hærri en áætlun.

Tekjur urðu 785 þkr. hærri en áætlað var eða 174,5%. Launakostnaður var 4.683 þkr. hærri en áætlað var eða 10,6%. Önnur rekstrargjöld voru 1.853 þkr. lægri en áætlað var eða 22,4%.

Ekki hafa borist skýringar frá forstöðumanni.

I3040 Ársel

Rekstrarniðurstaða Ársels var 4.552 þkr. (4,5%) hærri en áætlun.

Tekjur urðu 701 þkr. hærri en áætlað var eða 27,8%. Launakostnaður var 9.097 þkr. hærri en áætlun eða 14,9%. Önnur rekstrargjöld voru 3.844 þkr. lægri en áætlun eða 14,9%.

Helstu skýringar á hærri kostnaði eru að húsaleiga félagsmiðstöðvarinnar í Grafarholti er hærri en gert var ráð fyrir vegna verðlagsþróunar. Kostnaður við að koma á fót félagsmiðstöð í Grafarholti var hærri en áætlað var.

I3720 Starfsemi fyrir fatlaðra

Rekstrarniðurstaða Starfsemis fyrir fatlaða var 6.680 þkr. (47%) lægri en áætlun.

Helstu skýringar eru að ekki var greitt fyrir akstur fatlaðra barna á sumarnámskeiðum eins gert hafið verið ráð fyrir.

I3880 Sumargrín

Rekstrarniðurstaða Sumargríns var 1.023 þkr. (5,7%) hærri en áætlun.

Tekjur urðu 597 þkr.lægri en áætlun eða 32%. Launakostnaður var 1.146 þkr. hærri en áætlun eða 12,8%. Önnur rekstargjöld voru 720 þkr. lægri en áætlun eða 6,7%.

Í lok árs uppgötvaðist að starfsmaður sumargrínsins var ekki búinn að fá starfsaldursflokka greidda samkvæmt kjarasamningi og var það leiðrétt sem hafði þau áhrif að launakostnaður jókst um 1 mkr.

I4000 Hitt Húsið

Rekstrarniðurstaða Hins Hússins var 5.284 þkr. (5,9%) hærri en áætlun.

Ákveðið var að flytja verkefni á milli Hins Hússins og Kringlumýrar á árinu en ekki voru gerðar leiðréttingar í áætlun. Hálendishópurinn var fluttur frá Hinu Húsinu yfir til Kringlumýrar en áætlun vegna hans nam um 2,5 mkr. Á móti fluttust Músíktílaunir frá Kringlumýri yfir til Hins Hússins áætlun þeirra nam um 5,5 mkr. Áhrifin af tilfærslu þessara verkefna er að fjárhagsáætlun Hins Hússins hefði átt að vera 5,5 mkr hærri en hún er sýnd.

Tekjur urðu 10.233 þkr. hærri en áætlun eða 91,9%. Launakostnaður var 5.982 þkr. hærri en áætlun eða 13,6%. Önnur rekstrargjöld voru 9.535 þkr.hærri en áætlun eða 16,7%

Skýringar á hærri tekjum eru að húsaleigutekjur eru nokkuð hærri en áætlað var og einnig eru tekjur færðar á Hitt Húsið vegna Músíktílauna sem eru áætlaðar hjá Kringlumýri.

I4005 Atvinnu- og forvarnarverkefni

Rekstrarniðurstaða Atvinnu- og forvarnarverkefni var 2.629 þkr. (17,1%) lægri en áætlun.

Ákveðið var að flytja verkefni á milli Hins Hússins og Kringlumýrar á árinu en ekki voru gerðar leiðréttingar á áætlun. Hálendishópurinn var fluttur frá Hinu Húsinu yfir til Kringlumýrar en áætlun vegna hans nam um 2,5 mkr. Á móti fluttust Músíktílaunir frá Kringlumýri yfir til Hins Hússins áætlun þeirra nam um 5,5 mkr. Áhrifin af tilfærslu þessara verkefna er að fjárhagsáætlun Atvinnu- og forvarnarverkefna hefði átt að vera 2,5 mkr lægri en hún er sýnd.

Tekjur voru 1.102 þkr. lægri en áætlun eða 25,2%. Launakostnaður var 1.645 þkr. yfir áætlun eða 15,1%. Annar rekstrarkostnaður var 5.376 þkr. undir áætlun eða 60,4%.

I7100 Frístundaheimili ÍTR

Rekstrarniðurstaða Frístundaheimilanna var 125.721 þkr. (20,4%) hærri en áætlun.

Tekjur urðu 7.500 þkr. yfir áætlun eða 2,9%. Launakostnaður var 113.629 þkr. yfir áætlun. Annar rekstarkostnaður var 19.521 þkr. yfir áætlun eða 16,3% sem að mestu má rekja til kostnaðar vegna síðdegishressingar.

Áætlun gerði ráð fyrir að fjöldi barna í vistun væri 2.100 en í vistun voru allt upp í 2.574 barn í vistun þegar mest lét á haustmánuðum. Þegar fjárhagsáætlun er sett upp miðað við raunverulegan barnafjölda kemur út að áætlunin hefði átt að vera 588 mkr. en ekki 520 mkr. Frávik að teknu tilliti til þessarar leiðréttingar eru um 65 mkr. sem skýra má með eftirfarandi þáttum:

- kjarasamningar tæpar 30 mkr.
- auglýsingakostnaður var töluverður á árinu vegna atvinnuauðglýsinga, 1,3 mkr.
- Akstur vegna Sæmundarskóla 0,4 mkr.
- Kostnaður vegna húsaleigu 0,9 mkr.
- Breyting á tölvukerfi vegna sveigjanlegrar þjónustu 3,8 mkr.
- Ófyrirséð viðhald á húsnæði vegna athugasemda sem fram hafa komið 2,9 mkr.
- Aukinn stuðningur í almennu frístundaheimilunum 8 mkr.
- Aukinn kostnaður í Vesturhlíð, áætlun gerir ráð fyrir að fjöldi barna á starfsmann séu 2 en í rauninni er um 1½ barn á starfsmann sem skýrir 14 mkr.
- Stuðningur vegna frístundaklúbba var ranglega færður á frístundaheimilin upp á 8 mkr.

I7180 Frístundaklúbbar

Rekstrarniðurstaða frístundaklúbbanna var 37.088 þkr. (56,5%) lægri en áætlun. Starfsemi fór hægar af stað en gert var ráð fyrir. Húsaleigukostnaður var mun lægri en áætlun þar sem húsnæði í Egilshöll, sem gert hafði verið ráð fyrir að nýta fékkst ekki afhent. Stuðningur vegna frístundaklúbba var ranglega færður á frístundaheimilin upp á 8 mkr.

Íþróttamál

Í heild var rekstur skrifstofu íþróttamála 37.346 þkr. (3,4%) hærri en áætlun. Tekjur sundlauga voru rúmum 2 mkr hærri en áætlað var og rekstrarkostnaður var rúmum 3 mkr lægri en áætlað var. Gestafjöldi sundlauga 2008 var 1.650.000 sem er svipaður fjöldi og árið áður.

Á árinu var gerður nýr samningur um kaup á klór og baðsápu sem hafði verulegar hækkanir í för með sér fyrir íþróttamannvirki borgarinnar.

I5000 Laugardalslaug

Rekstrarniðurstaða Laugardalslaugar var 15.464 þkr. (5,5%) hærri en áætlun.

Tekjur voru 3.256 þkr. hærri en áætlun. Launakostnaður var 3.427 þkr hærri en áætlun og annar rekstrarskostnaður var 15.294 þkr. hærri en áætlun.

Loka þurfti rennibrautinni í sumar þar sem hún var orðin skaðleg notendum. Miðað við mat forstöðumanns þá tapaði laugin um 23.000 gestum vegna lokunarinnar sem hefðu skilað um 10 mkr hærri tekjum en ella. Á haustmánuðum var aðgangshliðum lokað í lauginni sem leiddi til að borgandi gestum fjölgaði og dró úr áhrifum tekjutaps af völdum rennibrautarinnar. Hærri rekstrarkostnað má rekja til hækkunar á verði klórs, baðsápu og ræstingavara. Einnig var töluverður kostnaður við kortalæsingar í skápum. Töluverður kostnaður fylgdi endurnýjun á myndavélakerfi. Viðhaldskostnaður vegna ástands mannvirkisins hefur farið vaxandi á hverju ári.

I5010 Vesturbæjarlaug

Rekstrarniðurstaða Vesturbæjarlaugar var 3.786 þkr. (8,7%) hærri en áætlun.

Tekjur urðu 5.219 þkr. hærri en áætlað var eða 9,3%. Launakostnaður var 5.231 þkr. hærri en áætlun eða 8,8%. Annar rekstarkostnaður var 3.773 þkr. hærri en áætlað var eða 16,3%.

Ekki hafa borist fullnægjandi skýringar frá forstöðumanni.

I5040 Árbæjarlaug

Rekstrarniðurstaða Árbæjarlaugar var 7.060 þkr. (5,4%) lægri en áætlun.

Tekjur urðu 2.151 þkr. lægri en áætlað var eða 2,4%. Launakostnaður var 13.798 þkr. lægri en áætlun eða 15,6%. Annar rekstarkostnaður var 4.585 þkr. hærri en áætlun eða 9,3%.

Á liðnum árum hefur verið ráðist í nokkrar breytingar á rekstri Árbæjarlaugar, meðal annars með fækkun baðvarða. Áætlun 2008 náði ekki að endurspegla þessar breytingar en vitað var að lægri launakostnaður myndi standa undir lægri tekjum sem var fyrirséð.

I5050 Grafarvogslaug

Rekstrarniðurstaða Grafarvogslaugar var 3.592 þkr. (3,4%) lægri en áætlun.

Tekjur urðu 7.271 þkr. hærri en áætlað var eða 10,3%. Launakostnaður var 18 þkr. lægri en áætlun eða 0%. Annar rekstrarkostnaður var 3.671 þkr. hærri en áætlað var eða 10,8%.

Helstu frávík í tekjum eru vegna sölu á strætókortum sem endurspeglast líka í hærri almennum rekstrarkostnaði. Tekjur hækka einnig vegna aukinnar nýtingar í skólasundi. Hærri rekstrarkostnað má rekja til kaupa á strætókortum til endursölu og hækkunar á klór og baðsápu.

I5031 Íþróttahúsið í Austurbergi

Rekstrarniðurstaða Íþróttahússins við Austuberg var 7.734 þkr. (33,7%) lægri en áætlun.

Tekjur urðu 6.079 þkr. hærri en áætlað var eða 24,2%. Launakostnaður var 2.355 þkr. lægri en áætlun eða 14,5%. Annar rekstarkostnaður var 700 þkr. hærri en áætlað var eða 16%.

Megin ástæða hærri tekna er breyting sem var gerð á innheimtufyrirkomulagi þ.e. að hver tími salar er nú reiknaður sem 45 mínútur í stað 60 mínútna, til samræmisr við önnur íþróttahús Reykjavíkurborgar. Einnig nýtti Fjölbrotarskóli íþóttasal meira en áætlað hafði verið.

Á tímabilinu tóku tveir starsfmenn launalaust leyfi yfir sumartímann. Á haustmisseri var ráðist í nokkur lausafjárkaup þar sem fyrirséð var að afkoma ársins yrði innan áætlunar.

I5051 Íþróttamiðstöð Grafarvogs

Rekstrarniðurstaða Íþróttamiðstöðvar Grafarvogs var 1.863 þkr. (3,1%) hærri en áætlun.

Tekjur urðu 3.781 þkr. (13,2%) undir áætlun. Launakostnaður var 1.586 þkr. (7,7%) undir áætlun. Annar rekstrarkostnaður var 332 þkr. (9,2%) undir áætlun.

Tekjukrafa á IMG var of há í áætlun. Þegar fyrirséð var að tekjukrafa var of há var ráðist í að skoða yfirvinnu með það markmið að draga úr henni meðal annars með því að kalla ekki út fólk í yfirvinnu í veikindum.

I5060 Íþróttamiðstöðin Klébergi

Rekstrarniðurstaða Íþróttamiðstöðvarinnar Klébergs var 3.258 þkr. (9,3%) lægri en áætlun.

Tekjur urðu 218 þkr hærri en áætlað var eða 2,5%. Launakostnaður var 5.244 þkr. hærri en áætlun eða 37,1%. Annar rekstrarkostnaður var 8.284 þkr. lægri en áætlun eða 47,5%.

Við gerð áætlunar 2008 var ákveðið að rétta af rekstur ÍMK miðað við reynslu undanfarinna ára, en nokkuð ljóst er að leiðréttingin sem var gerð lenti ekki öll á réttum stað. Gerð voru ákveðin mistök með að hækka eingöngu annan rekstrarkostnað en ekki launaáætlun.

I5080 Ylströnd

Rekstrarniðurstaða Ylstrandar var 6.394 þkr. (24%) hærri en áætlun.

Tekjur urðu 1.978 þkr. hærri en áætlað var eða 70,4%. Launakostnaður var 74 þkr. hærri en áætlun eða 0,6%. Annar rekstrarkostnaður var 8.299 þkr. hærri en áætlun eða 152%.

Orkukostnaður á ströndinni var 1mkr hærri en áætlað var. Á vormánuðum bárust þær fréttir að fráveitulögn væri ekki alveg að virka eins og hún átti að gera og varð því að kanna gæði vatnsins á ströndinni og nam kostnaður við rannsókn á því um 0,3 mkr sem ekki var gert ráð fyrir. Skipta þurfti um sand á ströndinni sem kostaði um 3,3 mkr. Endurnýja þurfti ýmsan búnað sem ekki hafði verið gert ráð fyrir 1 mkr. Ýmis lagfæring á húsnæði m.a. afgreiðslu, sem kostaði um 1,1 mkr. Aukinn kostnaður vegna kröfu Bláfána var 0,3 mkr. Endurnýjun á leiktækjum og hjólagrindum 0,8 mkr. Endurnýja þurfti símkerfi og talstöðvar.

I5220 Íþróttahús í Seljahverfi

Rekstrarniðurstaða íþróttahússins var 7.934 þkr. (22,2%) lægri en áætlun.

Tekjur 2.404 þkr. hærri en áætlað var eða 10,4%. Launakostnaður var 7.365 þkr. lægri en áætlun eða 29,4%. Annar rekstrarkostnaður var 1.835 þkr. hærri en áætlun eða 46%.

Megin ástæða hærri tekna er breyting sem gerð á innheimtu fyrirkomulagi þ.e. að hver tími salar er nú reiknaður sem 45 mínútur í stað 60 mínútna, til samræmis við önnur íþróttahús Reykjavíkurborgar.

Staðið hefur til undanfarin ár að breyta vaktaplani þannig að stöðugildum yrði fjölgað sem næði þá yfir helgarvaktir, þessi breyting hefur ekki náð fram að ganga. Í forföllum hefur forstöðumaður gengið vaktir þannig að ekki hefur þurft að kalla til aukavakta, með tilheyrandi sparnaði fyrir staðinn.

Vegna fyrirséðs afgangs af rekstri staðarins var ráðist í endurnýjun á búnaði og var til að mynda skipt um allar perur í öllum sölum, uppsetning á veggfestum körfum og línumálun svo fátt eitt sé nefnt.

I5230 Íþróttahús KHÍ

Rekstrarniðurstaða íþróttahússins var 241 þkr. (4,3%) hærri en áætlun.

Tekjur urðu 397 þkr. lægri en áætlað var eða 4,6%. Launakostnaður var 1.482 þkr. lægri en áætlun eða 12,2%. Annar rekstrarkostnaður var 1.326 þkr. hærri en áætlun eða 60,5%.

Minni launakostnað má rekja til færri yfirvinnustunda vegna móta um helgar en gert hafði verið ráð fyrir. Hærri rekstrarkostnað má rekja til endurnýjunar á perum í íþróttasal og hærri orkukostnaðar en áætlað var.

I5240 Laugaból

Rekstrarniðurstaða Laugabóls var 9.966 þkr. hærri en áætlun.

Tekjur urðu 2.114 þkr. lægri en áætlun eða 5,2%. Launakostnaður var 1.552 þkr. hærri en áætlun eða 7,3%. Annar rekstrarkostnaður var 6.301 þkr. hærri en áætlun eða 32,5%.

Þetta er fyrsta heila starfsárið sem ÍTR er með Laugaból í rekstri og við gerð áætlunarinnar var stuðst við úttekt Capacent á rekstrinum og reyndist hún of lág. Það var gert ráð fyrir of fáu fólki við vinnu í kringum vellina að sumri og eins var notkun hússins meiri en búist var við. Í sumar varð gríðarlegt vatnstjón í húsinu sem jóklaunakostnað vegna aukavinnu starfsmanna. Áætlað tekjutap og aukinn launakostnaður vegna tjónsins nemur um 3 mkr. Töluverður kostnaður fylgdi veru knattspyrnufélagsins Þróttar í úrvalsdeild þar sem viðhald valla jókst nokkuð.

I5400-I5404 Þjónusta við félög

Rekstrarniðurstaða þjónustumiðstöðvar var 1.120 þkr. (2,1%) hærri en áætlun.

Tekjur eru 45 þkr. undir áætlun eða 45,1%. Launakostnaður var 147 þkr. undir áætlun eða 1,1%. Annar rekstrarkostnaður var 1.226 þkr. yfir áætlun eða 3,1%

Skýring á umframkostnaði við þjónustumiðstöðina er að orkukostnaður vegna húsnæðisins í Skerjafirði sem þjónustumiðstöðin var í fram að miðju ári 2008 var gjaldfærður á staðinn alls um 2,8 mkr.

I5411 Gervigrasvöllur við Austurberg

Rekstrarniðurstaða gervigrasvallarins var 1.126 þkr. (5,9%) hærri en áætlun. Annar kostnaður var 359 þkr. undir áætlun eða 2,6%, Innri leiga var 1.486 hærri en áætlað var þar sem gjaldfærður var einn mánuður í innri leigu af félagshúsi sem er ekki tilbúið.

I5422 Sparkvellir

Rekstrarniðurstaða sparkvalla var 1.648 þkr. (6,2%) lægri en áætlun. Bókfærð innri leiga var 1,4 mkr. undir áætlun þar sem sparkvöllur við Austurbæjarskóla er gjaldfærður á kostnaðarstað *Húsaleiga vegna borgarmannvirkja*. Orkukostnaður var 2 mkr. lægri en gert hafði verið ráð fyrir.

I5500 Íþróttir fyrir aldraða

Rekstrarniðurstaða Íþróttar fyrir aldraða var 664 þkr. (6,6%) hærri en áætlun. Tekjur voru neikvæðar um 650 þkr. þar sem verið var að leiðrétta útsendan reikning frá 2007.

I6403-I6404 Skíðabrekkur í hverfum

Rekstrarniðurstaða skíðabrekkna í hverfum var 1.196 þkr. (19,8%) hærri en áætlun.

Launakostnaður var 1.947 þkr. hærri en áætlun eða 123,3% vegna mun fleiri opnunardaga en gert hafði verið ráð fyrir. Annar kostnaður er 752 þkr. eða 19,8% lægri en áætlun vegna sparnaðar í húsaleigu.

I6900 Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Rekstrarniðurstaða framlags til Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins var 27.287 þkr. (35,4%) hærri en áætlun.

Á árinu var gengið frá nýjum þjónustusamningi við stjórn skíðasvæðanna sem hafði í för með sér að rekstrarframlög sveitarfélaganna jukust töluvert. Borgarráð staðfesti samninginn á fundi sínum 19. júní 2008. Áætlun var ekki leiðrétt fyrir þeirri hækkun sem samningurinn hafði í för með sér.

Miðlæg starfsemi

I7600 Menningartengd starfsemi

Rekstrarniðurstaða var 554 þkr. (13,3%) hærri en áætlun.

Á þessum kostnaðarstað eru rekin m.a. Miðbæjarathvarf og styrkur vegna Reykjavíkurmaraþons. Miðbæjarathvarf er samstarfsverkefni ÍTR, Velferðarsviðs og Lögreglunnar í Reykjavík um leitarstarf í borginni til að sporna gegn ólöglegum útivistum barna og unglinga.

Skýringar á umframkostnaði eru þær helstar að greiddar voru nokkrar útvarpsauglýsingar vegna Fjölskyldu- og húsdýragarðisins sem ekki hafði verið gert ráð fyrir. Þá var ÍTR þátttakandi í menningarnótt með atriði í Hljómskálagarðinum.

I8000 Hátíðarhöld 17. júní

Rekstrarniðurstaða 17. júní var 1.037 þkr. (4%) lægri en áætlun.
Við framkvæmt hátíðarhalda 17. Júní var reynt að gæta aðhalds í öllum þáttum með hliðsjón af útkomu 2007 sem fór rúma 1 mkr fram úr áætlun.

I8250 Fólkvangur Kjalarnesi

Rekstrarniðurstaða Fólkvangs var 1.152 þkr. (34%) hærri en áætlun.
Tekjur voru 50 þkr. undir áætlun eða 16,1%. Launakostnaður var 961 þkr. hærri en áætlun eða 157,6%. Annar rekstarkostnaður var 140 þkr. hærri en áætlun eða 15,2%.
Aukinn launakostnað má rekja til greiðslna fyrir ræstingu á staðnum sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun.

I8400-I8402 Fjölskyldu- og húsdýragarður

Rekstrarniðurstaða Fjölskyldu- og húsdýragarðsins er 11.320 þkr. (8,3%) hærri en áætlun.
Tekjur voru 275 þkr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir eða 0,2%.
Launakostnaður var 1.999 þkr. undir áætlun eða 1,3% en annar rekstrarkostnaður var 13.359 þkr. yfir áætlun eða 18,8%.
Verðlags- og gengismál hafa haft töluverð áhrif á rekstur garðsins á árinu þar sem leiktækin sem eru í leigu frá Sportís eru gengistryggð og hefur leigugreiðslan vegna þeirra hækkað um 2,4 mkr milli ára sem er langt yfir þeim forsendum sem gefnar voru við gerð áætlunarinnar. Orkukostnaður hefur hækkað um 1,4 mkr umfram forsendur áætlunar. Bensín og gas hefur hækkað um 0,7 mkr.

I8460 Sameiginlegur kostnaður

Rekstrarniðurstaða var 14.254 þkr. (30,2%) lægri en áætlun.
Tekjur voru 5.347 þkr. en ekki hafði verið gert ráð fyrir tekjum í áætlun.
Tekjurnar eru vegna tekna af tjaldstæði í Laugardal.
Rekstrargjöld voru 8.974 þkr. lægri en áætlun en inni í þeirri tölu eru óbeinar afskriftir á viðskiptakröfum upp á 0,8 mkr sem eiga að mæta afskriftum í framtíðinni. Við endurskoðun á verðlagforsendum í upphafi árs voru teknar til hliðar rúmar 12 mkr. í varasjóð.

I8461 Langtímaveikindi og leyfi

Rekstrarniðurstaða var þkr. 2.759 (6,2%) hærri en áætlun.
Veikindi voru mun meiri en gert var ráð fyrir í forsendum áætlunar.

I8465 Gjaldskrá UTM

Rekstrarniðurstaða var 1.995 þkr. (4,5%) lægri en áætlun.
Vegna mistaka var reikningur vegna janúarmánaðar 2008 gjaldfærður á árið 2007.
Ef ekki hefði komið til þessarar villu þá hefði kostnaður vegna leigugreiðslna af tölvubúnaði verið um 1,6 mkr hærri en áætlun.

I8999 Gjaldfærð lausafjárkaup

Rekstrarniðurstaða var 11.810 þkr. (29,1%) hærri en áætlun.
Inni í áætlun Fræðslu starfsmanna eru 3,6 mkr vegna öryggisúrtbóta sem hefðu átt að vera færðar á þennan lið þar sem allur kostnaður er færður hér.
Kostnaður við þróun og innleiðingu á Smartkortakerfinu nam um 13,7 mkr sem er nokkuð umfram áætlun.

Styrkir

I9300 Byggingastyrkir

Rekstrarniðurstaða var 258.899 þkr. (44,6%) hærri en áætlun.
Hjá ÍTR er gjaldfærðir kostnaður vegna þriggja liða sem eru inni stofnframkvæmdaáætlun Eignasjóðs. Heildaráætlun vegna þessara þriggja verkefna er 330 mkr. sem hefði átt að færast yfir til ÍTR.
Helstu frávík vegna byggingastyrkja liggja í framlagi vegna byggingar skíðaskála ÍR og Víkings í Bláfjöllum 80 mkr. vegna verðlags og magnbreytinga.
Gjaldfærður kostnaður ÍTR vegna þeirra liða sem voru í stofnframkvæmdaáætlun Eignasjóðs nemur 180.355 þkr.

I9320 Húsaleigu- og æfingastyrkir

Rekstrarniðurstaða var. 61.161 þkr. (4,3%) hærri en áætlun.
Aukinn kostnaður vegna verðlagsþróunar á árinu á húsaleigugreiðslur og greiðslur vegna þjónustusamninga við Íþrótt- og æskulýðsfélög nemur 56 mkr. Auk þess var gengið frá samningi við KSÍ í lok árs um að hækka framlög til þeirra um 7 mkr. en áætlun var ekki leiðrétt fyrir því.

I9340 Frístundakort

Rekstrarniðurstaða var 46.948 þkr. (11,7%) lægri en áætlun.
Í forsendum áætlunar var gert ráð fyrir 70% nýtingu á frístundakortinu. Í kerfinu eru samtals 15.356 einstaklingar og var ráðstafað styrk fyrir 13.007 aðila eða 84,7%. Ráðstöfun að meðaltali var 17.378 kr.

Annað

I9997 Innri leiga áhalda og tækja

Rekstrarniðurstaða var 39.694 þkr. (621,9%) hærri en áætlun.
Ákveðið var að gjaldfæra allan eignfærðan kostnað við Smartkortin sem hafði verið eignfærður á árunum 2004-2005 alls 41.042 þkr. Í áætlun hafði verið gert ráð fyrir að kaupa íshefil sem ekkert varð af, sparnaður um 2 mkr.

I9000 Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði

Rekstrarniðurstaða var þkr. 4.442,- (22,9%) hærri en áætlun.

Forsendur fyrir áætlun og gjaldfærslu á þessum lið liggja ekki hjá ÍTR heldur fjármálaskrifstofu og því er ekki unnt að gefa skýringar á þeim mismun sem hér er.